

24.3.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1383
komudagur 25.3.2010

Til samgöngunefndar Alþingis.

Ég hef veitt því athygli að til meðferðar Alþingis er frumvarp til "landflutningalaga" og hefur það fengið afgreiðslu úr þingnefnd. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 24/1982 um "flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi".

Ákvæði frumvarpsins sem og ákvæði gildandi laga fjalla einkum um samskipti sendanda og viðtakanda annars vegar og flytjanda hins vegar og um ábyrgð þessara aðila á flutningi "vöru" með bifreiðum. Af fyrirsögn frumvarpsins mætti ætla að þar sé um að ræða frumvarp að heildarlöggjöf um "landflutninga". Svo er þó alls ekki. Hér er fjallað afmarkaðan þátt starfsemi, um hin einkaréttarlegu samskipti aðila við "vöruflutninga" á landi.

Bent skal á að til eru önnur lög, nr. 73/2001, sem bera heitið "lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi". Þar er fjallað um starfsemi þeirra sem annast flutninga á landi, hvort heldur er farþegaflutninga eða farmflutninga, og um starfsleyfi þeirra, þ.e. starfsemina út frá opinberum rétti. Vísar fyrir nefnt frumvarp m.a. til þeirrar löggjafar. Verður að líta á lögin frá 2001 sem meginlög en lögin frá 1982 (og frumvarpið) sem sérlög til fyllingar.

Með lögum nr. 51/2005 um breytingu á lögnum frá 2001 var horfið frá notkun hugtakanna "vöruflutningar" og "efnisflutningar". Í stað þess var tekið upp hugtakið "farmflutningar". Ekki þótti nægilega skýrt um hvað væri að ræða með orðunum "vara" og "efni". Farmur er hins vegar þekkt hugtak og fjallar um hvað eina sem flutt er, mannfólk þó gjarnan undanskilið. Dæmi um þetta eru búslóð, korn, sement, mjólk, vatn, bensín, steypa, túrbínur í virkjanir, fiskur, fiskúrgangur, trjástofnar, trjáplöntur, garðaúrgangur, uppgröftur úr húsgrunnum, mól, stórgrýti, fiskúrgangur, sorp, lifandi dýr o.s.frv. Allt þetta var hér áður fyrir kallað "góss" en er í nútímamáli kallað "farmur". Rökrétt væri að nota hér orðið farmur; svo má ef ástæða er til undanskilja tiltekna flokka farms, svo sem póst o.s.frv.

Gera verður athugasemd við hugtakið "landflutningar". Er verið að flytja land? Rætt er um farmflutninga, farþegaflutninga, maiarflutninga, póstflutninga o.s.frv. Vissulega er talað um sjóflutninga og loftflutninga. Í frumvarpinu er talað um "vöruflutning" (í eintölu) en yfirleitt mun talað um flutninga (í fleirtölu).

Ég tel fulla ástæðu til að framangreind atriði verið tekin til skoðunar áður en legra er haldið.

Þá hef ég veitt athygli athugasemdum við frumvarpið sem komu m.a. frá Umferðarstofu og Vegagerðinni. Furða ég mig á því að ekki skuli tekið tillit til þessara athugasemda, bæði hvað varðar skilgreiningar hugtaka og lagfæringar á málfari. Það hlýtur að vera eðlilegt að leggja skilgreiningar umferðarlaga til grundvallar. Margar þeirra byggja á alþjóðlegri samræmingu sem ólíklegt verður að telja að til standi að breyta í væntanlegu frumvarpi. Ef ástæða er til að víkja frá skilgreiningu umferðarlaganna má kveða á um það í sérlögnum.

Tekið skal fram að frumvarpið í heild sinni hef ég ekki kynnt mér heldur eingöngu nokkur meginatriði sem athugasemdir þessar eru reistar á.

Virðingarfyllst,

Ólafur W. Stefánsson